

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jóhannes Arason, greiði stefnanda, Ferðamiðstöðinni h/f, kr. 3.313.07 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 25% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. mars 1983.

Nr. 206/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Lárusi Guðmundi Valdimarssyni

(Unnsteinn Beck hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekunaráhrif. Áfrýjun. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr og Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Málinu er áfrýjað af hálfu ríkissaksóknara samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974 með stefnu 17. september 1981. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ökuleyfissviptingartími verði stytur, en héraðsdómur staðfestur að öðru leyti og kostnaður við áfrýjun málsins greiddur úr ríkissjóði að undanskildum málsvarnarlaunum.

Verjandi tók undir kröfugerð ákærvaldsins að öðru leyti en því, að hann krafðist þess, að málsvarnarlaun sér til handa yðu lögð á ríkissjóð.

Ágrip barst Hæstarétti 22. desember 1982.

Ríkissaksóknari hefur lýst yfir því, að af hálfu ákærvalds séu felldar niður úr ákæruskjali tilvitnanir til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu var málinu einvörðungu áfrýjað „til styttingar á tíma ökuleyfissviptingar“ ákærða. Verður því ekki um annað dæmt að efni til.

Eins og greinir í héraðsdómi, ók ákærði 7. og 27. desember 1980 bifreið undir áhrifum áfengis. Voru brot þessi dæmd í einu lagi og refsing ákveðin með tilvísun til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brotið frá 7. desember hefur ekki itrekunaráhrif á síðara brotið, sbr. 1. mgr. 77. gr. sömu laga. Önnur atriði liggja ekki fyrir í málinu, er réttlæti að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt eftir 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1969. Þykir eftir málavöxtum hæfilegt samkvæmt greindri heimild að svipta hann ökuleyfi í 15 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja.

Kostnaður við áfrýjun sakarinnar greiðist allur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lárus Guðmundur Valdimarsson, er sviptur ökuleyfi í 15 mánuði frá 10. júlí 1981 að telja.

Allur kostnaður af áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, Unnsteins Beck hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Bolungarvíkur 25. júní 1982.

Ár 1982, föstudaginn 25. júní, var í sakadómi Bolungarvíkur, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Halldóri Kristinssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í málinu nr. 40/1982: Ákærvaldið gegn Lárusi Guðmundi Valdimarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. júní 1982, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 15. október 1981, á hendur Lárusi Guðmundi Valdimarssyni nema, Völusteinsstræti 22, Bolungarvík, fæddum þar í bæ 28. september 1959, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 7. desember 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni í 2960 um götur í Reykjavík,

þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans á mótum Lækjargötu og Bókhöðustígs, eftir að ákærði hafði ekið gegn einstefnu niður Bókhöðustíg.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., og 1. mgr. 38. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka að morgni laugardagsins 27. desember 1980 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í 2678 úr Hnífsdal til Ísafjarðar, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Seljalandsvegi skammt frá Bifreiðaverkstæði Ísafjarðar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

Sunnudaginn 7. desember 1980, um kl. 0450, stöðvaði lögreglan í Reykjavík bifreiðina Í 2960 á mótum Lækjargötu og Bókhöðustígs. Bifreiðinni hafði þá verið ekið vestur Bókhöðustíg, en einstefnuakstur er til austurs eftir þeirri götu. Lögreglumenn þeir, sem sinntu þessu, töldu sig finna greinilegan áfengisþef leggja frá vitum ökumannsins, sem var ákærði í máli þessu, og færðu hann á lögreglustöðina. Öndunarsýni var tekið, og sýndi það III. og IV. stig.

Í skýrslu sinni fyrir dómi segist ákærði hafa komið til landsins frá Svíþjóð í jólaleyfi laugardaginn 6. desember 1980. Um kvöldið fór hann í samkvæmi í heimahús við Laufásveg í Reykjavík og neytti þar áfengis. Segist hann hafa drukkið úr einu eða tveimur glösum af viskýblöndu. Áður um kvöldið hafði hann einnig drukkið tvo erlenda bjóra. Ákærði segist hafa verið þreyttur eftir ferðalagið fyrr um daginn og ekki gera sér ljósa grein fyrir því, hvort hann fann til áfengisáhrifa, en segir, að hann hafi þó ekki verið grunlaus um, að svo hafi verið.

Ákærði segist hafa farið úr samkvæminu og þá sest undir stýri bifreiðarinnar Í 2960 sem kunningi hans á, og ekið henni eftir Laufásveginum að Bókhöðustíg. Þegar þangað kom, sást honum yfir, að óheimilt var að aka niður Bókhöðustíg, og ók hann bifreiðinni því eftir götunni niður á Lækjargötu, þar sem hann var stöðvaður af lögreglunni.

Að lokinni skýrslutöku hjá lögreglunni var ákærði fluttur á slysadeild Borgarspítalans til töku á blóðsýni, en að því loknu var hann frjáls ferða sinna.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar var sú, að áfengismagn í blóði ákærða væri 0.67‰ við þetta tækifæri.

II.

Að sögn ákærða fór hann á dansleik í félagsheimilinu í Hnífsdal að kvöldi annars í jólum 1980. Kom hann þangað á bifreið bróður síns, í 2678. Á dansleiknum neytti hann áfengis og varð ölvaður. Að honum loknum fór ákærði sem farþegi í bifreið í heimahús í Hnífsdal og hélt þar áfram áfengisneyslu. Þegar hann hugðist hverfa á brott úr húsinu undir morgun, reyndi hann árangurslaust að fá leigubifreið. Þegar ákærði komst ekki leiðar sinnar, segist hann hafa freistast til að aka bifreiðinni, sem hann kom á, þ. e. í 2678. Ók hann henni sem leið liggur úr Hnífsdal til Ísafjarðar.

Í „Króknum“ mætti ákærði lögreglubifreið, sem ók fram hjá án þess að stöðva akstur ákærða. Ákærði ók því gegnum bæinn eftir Túngötu, upp brekkuna og um Seljalandsveg og ætlaði inn í „Fjörð“. Á Seljalandsvegi í grend við Bifreiðaverkstæði Ísafjarðar var ákærði stöðvaður af lögreglumönnum, sem voru í lögreglubifreiðinni, sem ákærði hafði mætt, áður en henni hafði verið snúið til baka á eftir ákærða. Lögreglumennirnir færðu ákærða á lögreglustöðina, þar sem tekið var úr honum blóðsýni til alkóhólrannsóknar.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar var áfengismagn í blóði ákærða í þetta sinn 1.83‰.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærði ekki áður sætt refsingum, svo kunnugt sé.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um það athæfi, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og er þar réttilega heimfært til refsíákvæða. Refsing hans þykir með tilvísun til 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin sekt til ríkissjóðs að fjárhæð kr. 3.500.00, og skal hún greiddast innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í 30 daga.

Enn fremur ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá 10. júlí 1981 að telja.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Lárus Guðmundur Valdimarsson, greiði sekt kr. 3.500.00 til ríkissjóðs innan 4ra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en ella varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. júlí 1981 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.